

Fundur í skólaráði í Glerárskóla mánudaginn 06. nóvember 2023 kl.15:00

Mætt: Eyrún skólastjóri, Tómas Lárus deildarstjóri, Sveinn Leó og Esther fyrir hönd kennara, Ómar Örn fyrir annað starfsfólk, Hlynur fyrir nemendur, Sveinbjörg Smáradóttir fyrir stjórn foreldrafélagsins, Elfa Gylfadóttir foreldri og Einar fyrir hönd hverfisráðs

1. Námsferð starfsmanna - hver er staðan?

Ekki búið að leggja þetta fyrir fræðslu og lýðheilsuráð. Búið að sækja um styrki, frá Kí og Sveitamennt, eftir að fá frá Kili. Nánast staðfest að ferðin verði farin og því er skipulagsdagur færður. 43 starfsmenn að fara í þessa ferð. Virðist allt vera á grænu ljósi.

2. Þemadagar, Glerárvision og litlu jólin

Þemadagar Harry Potter gengu mjög vel, frábært skipulag og allir ánægðir. Eigum orðið mikinn útbúnað þessu tengt. Æfingar vegna Glerárvision komnar á fullt, auglýst eftir dómurum, uppástungur á Rúnari Eff og Einar Höllu. Fáum aðgang að íþróttahúsi daginn áður. Litlu jól fram undan og jólafrí hefst 20 og 21. des. Reynum að vera með hljóðfæraleikara. Spurning um hvar unglíngarnir halda litlu jóli, í Rósenborg eða Glerárskóli.

3. Farsældarfrumvarp - farsældarsáttmáli

Engin var á kynningarfundum um þetta, spurninga hvort ætti að gera sameiginlega sáttmála á milli skóla.

4. Umferðar- og bílastæðamál við Glerárskóla (sérstaklega á morgnana)

Komu skilaboð frá foreldri á Klöppum, heilmikil hræðsla með þessu mál á meðal foreldra, gætu rúturnar t.d. mætt annarsstaðar s.s. Við Hamar. Mikilvægt að finna lausn. Starfsfólk Glerárskóla er ekki ánægð með þetta bílastæði og höfðu ekkert með þetta að gera og þessu verður ekki breytt samkvæmt bæjarráði. Skólastjórnir 3 gætu rætt þetta. Fólk virðir ekki þau skilti sem eru til staðar. Spurning um að ræða við lögreglu og þá sem eru málinu viðkomandi, eitthvað þarf að gera. Spurning að tala við lögreglu og biðja hana að vera sýnileg á morgnana, nokkra daga í röð. Spurning um að hverfisráð og foreldrafélag sendi frá sér ályktun um þessi mál.

5. Tímasetningar dansleikja nemenda

Eiga böll að vera á fimmtudögum eða föstudögum. Böllin eru best ef 10. bekkur er virkur í að halda uppi stemningu. Mælir margt með fimmtudögum, það er oft svo mikið um að vera á föstudögum. Þetta mál kemur til tals reglulega. Dagsetningar ákvarðað í sambandi við FÉLAK. Virðist ekki mikið unnið með því að hafa böll á föstudögum. Spurning um að þessi umræða verði tekin af nemendum, nemendaráði.

6. Önnur mál

Er í umræður um að fá Skúla Geirdal til að fjalla um samfélagsmiðlanotkun hjá börnum og fullorðnum, bæði fyrir fullorðna og börnin.

7. Fjármál Glerárskóla - (nemendur víkja af fundi)

ES sýndi hvernig staðan er núna í fjármálum. Mikið um afleysingar vegna fjarveru starfsfólks, þarf einnig að halda aftur að vörukaupum. Margar mögulegar orsakir, covid og fleira. Hugmynd um að á næsta fundi yrði nýja álman skoðuð.

Fundi slitið.